

Hús í glugga, burstabær

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið verkefnisins er að kynna nemendur fyrir burstabæjum og þeim gamla byggingarstíl, nýta gamalt efni í nýjan hlut, vinna með þrívídd og þjálfva leikni í vali á aðferðum og auka hæfni í útfærslu verkefna.

Námsgreinar: Samþætting, smíði; list og verkgreinar, samfélagsfræði, saga og stærðfræði.

Aldur: Yngsta og miðstig.



VERKLÝSING

Burstabær.

Kveikja; Umfjöllun um burstabæi og torfbæi, hverskonar híbýli voru það og hvenær bjuggu Íslendingar í þeim? Sérstaklega gaman ef hægt er að tengja verkefnið við ferð á Árbæjarsafn, Glaumbæ í Skagafirði eða slíka staði.

Þrjár mislangar fjalir/spýtur eru sagaðar í spíss á öðrum endanum fyrir þakhalla. Gott er að mæla fyrir miðjunni fyrst og ákveða hversu langt niður með hliðunum beggja megin á að fara. Teikna línur og saga eftir þeim. Pússa spýturnar vel. Fallegt er að nota börk af lerki til dæmis til að útbúa þakskífur. Þá þarf að bora í gegn um börkin og líma, skrúfa þær ofan á spísslagaðar fjalirnar og festa. Nóg er að líma ef fíngerður og léttur börkur er notaður. Þá þarf að leggja spýturnar við hlið hvor annarrar og mæla fyrir þremur götum á sama stað á öllum spýturnum (sjá mynd) bora þar göt og binda saman með vír, basti eða garni. Þá má teikna hurðir og glugga á húsin, nýta þrívíða hönnunina og teikna á allar hliðar. Brennimerkja og muna að merkja áður en húsin eru yfirborðsmeðhöndluð með lakki eða vaxi.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Afgangsefni úr sólverönd – af pallaefni, furuborð eða annað nógu svert efni til að geta staðið upp á endann. Stærð fer eftir notkun, hvort nota á húsin í glugga eða líka hægt að gera mun stærri sem standa þá á gólfi, þá er líka gott að nota stærra, þykkara efni. Ef notað er eldra afgangsefni er gott að byrja verkefnið á að hefja fjalirnar með handheflum til að fá fallega áferð.

Sagir, handhefill, borvél, bora, skrúfur, lím, brennipenni, sandpappír, vír, band eða bast. Lakk eða vax til yfirborðsmeðhöndlunar.